

Rammi hf.
Ársreikningur
Móðurfélag
2021
evrur

Rammi hf.
Gránugötu 1-3
580 Siglufjörður
Kt. 681271-1559

Efnisyfirlit

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Eiginfjárfirlit	9
Skýringar	10
Óendurskoðað	
Ófjárhagsleg upplýsingagjöf	21
Stjórnarháttaryfirlýsing	25

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Félagið er útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki sem gerir út fjögur fiskiskip frá Ólafsfirði, Siglufirði og Þorlákshöfn auk þess starfrækir félagið fisk- og humarvinnslu í Þorlákshöfn og rækjuvinnslu á Siglufirði.

Ársreikningur Ramma hf. fyrir árið 2021 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Ársreikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi, efnahagsreikningi, sjóðstreymisýfirliti, eiginfjáryfirliti og skýringum.

Hagnaður varð af rekstri félagsins á árinu 2021 að fjárhæð EUR 13,2 milljónir (2020: EUR 8,8 milljónir) samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé í lok árs 2021 var EUR 103,9 milljónir (2020: EUR 90,3 milljónir) samkvæmt efnahagsreikningi.

COVID-19 heimsfaraldurinn hafði töluverð áhrif á starfsemi félagsins á árinu 2021. Vaxandi eftirspurn var eftir flestum afurðum félagsins þegar leið á árið. Nánar vísast til skýringar nr. 22 varðandi áhættustýringu og umfjöllun um fjárhagslegar stærðir tengdar helstu áhættuþáttum.

Í aðalstjórn Ramma hf. eru 5 stjórnarmenn, þrír karlar og tvær konur og í varastjórn eru tveir karlar.

Hlutfé félagsins nam í lok árs 2021 EUR 4,7 milljónir og skiptist það á 131 hluthafa, sem er fækkun um einn á árinu. Tíu stærstu hluthafar félagsins í lok árs 2021 eru:

Marteinn Haraldsson ehf.	38,88%
Gunnar Sigvaldason	16,74%
Svavar Berg Magnússon	14,26%
Sigurður Guðmundsson	9,19%
Egill Sigvaldason	4,81%
Jón Þorvaldsson	4,81%
Karlsberg ehf.	2,47%
Arion banki hf.	2,21%
Ólafur Marteinnsson	1,64%
Rúnar Marteinnsson	1,02%
Aðrir hluthafar.....	3,97%
	<u>100,00%</u>

Stjórn félagsins leggur til að greiddur verði arður að fjárhæð EUR 2 milljónir á árinu 2022 vegna rekstrarársins 2021. Að öðru leyti er vísað til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eigin fé.

Að álitum stjórnar og framkvæmdastjóra Ramma hf. koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins 31. desember 2021, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn og framkvæmdastjóri Ramma hf. hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2021 og staðfesta hér með undirritun sinni. Stjórn og framkvæmdastjóri leggja til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Siglufirði, 25. febrúar 2022.

Í stjórn:

Gunnar Sigvaldason
Steinunn Marteinsdóttir
Katrín Pétursdóttir
Gunnar Svavarsson
Sigurgeir Svavarsson

Framkvæmdastjóri:

Ólafur Helgi Marteinnsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Ramma hf.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Ramma hf. („félagið“) fyrir árið 2021. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2021 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um ársreikninga.

Álitið er í samræmi við skýrslu okkar til endurskoðunarnefndar og stjórnar.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Samkvæmt bestu vitund okkar og skilningi lýsum við yfir að við höfum ekki veitt neina óheimila þjónustu samkvæmt 1. mgr. 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014 og við erum óháð félaginu við endurskoðunina.

Við vorum fyrst kjörin endurskoðendur á aðalfundi félagsins þann 25. apríl 1997 og höfum verið endurskoðendur félagsins samfellt síðan þá.

Lykilþættir endurskoðunar

Lykilþættir endurskoðunar eru þeir þættir, sem samkvæmt faglegu mati okkar, höfðu mest vægi við endurskoðun ársreikningsins. Það voru engir lykilþættir skilgreindir í endurskoðuninni.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.
- Öflum nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna varðandi fjárhagslegar upplýsingar eininga innan félagsins til að geta gefið álit á ársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, eftirliti og framkvæmd endurskoðunar félagsins og berum óskipta ábyrgð á áritun okkar.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Við lýsum því einnig yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og upplýsum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega talist hafa áhrif á óhæði okkar og þegar við á, til hvaða varnaraðgerða við höfum ariðið.

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn og endurskoðunarnefnd um, leggjum við mat á hvaða þættir höfðu mesta þýðingu við endurskoðun ársreikningsins og eru því lykilþættir endurskoðunarinnar. Við lýsum þessum þáttum í áritun okkar nema lög og reglur útiloki að upplýst sé um þá eða, við einstakar mjög sjaldgæfar kringumstæður, þegar við metum að ekki skuli upplýsa um lykilþátt þar sem neikvæðar afleiðingar þess eru taldar vega þyngra en almennir hagsmunir af birtingu slíkra upplýsinga.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Matthías Þór Óskarsson, endurskoðandi, ber ábyrgð á endurskoðun samstæðuársreikningsins og þessari áritun.

Siglufirði, 25. febrúar 2022.

KPMG ehf.

Matthías Þór Óskarsson
Sigurjón Örn Arnarson

Rekstrarreikningur ársins 2021

	Skýr.	2021	2020
Rekstrartekjur	4	60.598.242	52.652.489
Kostnaðarverð seldra vara	5	(44.059.703)	(40.206.473)
Framlegð		16.538.539	12.446.016
Seld þjónusta		11.208	15.602
Útflutningskostnaður		(814.358)	(908.254)
Sameiginlegur rekstrarkostnaður	5	(1.318.094)	(1.387.794)
Rekstrarhagnaður		14.417.295	10.165.570
Hrein fjármagnsgjöld	7	(1.050.647)	(1.272.558)
Hlutdeild í afkomu dótturfélaga	23	2.506.687	1.359.830
Hagnaður fyrir tekjuskatt		15.873.335	10.252.843
Tekjuskattur	8	(2.712.111)	(1.496.155)
Hagnaður ársins		<u>13.161.224</u>	<u>8.756.687</u>
 Aðrar upplýsingar			
EBITDA		17.163.470	12.929.778
Grunnhagnaðarhlutur og þynntur hagnaðarhlutur.....	18	2,89	1,92

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr.	31.12.2021	31.12.2020
Eignir			
Rekstrarfjármunir	9,11	34.888.886	37.413.785
Skip í smíðum	10	4.016.800	0
Óefnislegar eignir	11,12	78.060.188	78.060.188
Eignarhlutir í dótturfélögum	23	23.429.800	21.513.696
Eignarhlutir í öðrum félögum	13	542.228	587.833
Langtímakröfur		322.449	331.670
Fastafjármunir		<u>141.260.350</u>	<u>137.907.172</u>
Birgðir	14	5.543.854	5.992.968
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	15	3.349.397	3.023.865
Viðskiptakröfur innan samstæðu		3.353.631	2.746.200
Fyrirframgreiddur kostnaður		70.090	19.292
Handbært fé	16	2.213.483	1.389.640
Veltufjármunir		<u>14.530.454</u>	<u>13.171.964</u>
Eignir samtals		<u>155.790.804</u>	<u>151.079.136</u>
Eigið fé:			
Hlutfé		4.560.158	4.560.500
Lögbundinn varasjóður		1.165.022	1.165.022
Annað eigið fé		(1.117.597)	(2.508.171)
Bundinn hlutdeildarreikningur		2.820.537	1.638.656
Óráðstafað eigið fé		96.484.514	85.461.669
Eigið fé samtals	17	<u>103.912.635</u>	<u>90.317.676</u>
Skuldir og skuldbindingar:			
Tekjuskattsskuldbinding	20	10.317.331	9.640.633
Skuldir við lánastofnanir	19	28.451.372	32.714.736
Langtímaskuldir og skuldbindingar samtals		<u>38.768.703</u>	<u>42.355.369</u>
Skuldir við lánastofnanir	19	3.000.000	9.500.000
Næsta árs afborganir langtímaskulda	19	4.263.363	4.263.363
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	21	3.772.811	3.439.305
Viðskiptaskuldir innan samstæðu		20.030	410.522
Tekjuskattur til greiðslu	20	2.053.262	792.901
Skammtímaskuldir samtals		<u>13.109.466</u>	<u>18.406.091</u>
Skuldir samtals		<u>51.878.169</u>	<u>60.761.460</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>155.790.804</u>	<u>151.079.136</u>

Eiginfjárfirlit 1. janúar 2020 til 31. desember 2021

	Hlutafé	Lögbundinn varasjóður	Annað eigið fé	Bundinn hlutdeildar- reikningur	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2020	4.560.509	1.165.022	439.840	810.847	78.482.969	85.459.186
Arður til hluthafa EUR 0,21 á hlut					(950.000)	(950.000)
Hagnaður ársins					8.756.687	8.756.687
Keypt eigin bréf	(9)				(178)	(187)
Fært á bundið eigið fé				827.810	(827.810)	0
Áhrif áhættuvarna			(69.471)			(69.471)
Þýðingarmismunur			(2.878.539)			(2.878.539)
Eigið fé 31.12.2020	4.560.500	1.165.022	(2.508.171)	1.638.656	85.461.669	90.317.676
Eigið fé 1.1.2021	4.560.500	1.165.022	(2.508.171)	1.638.656	85.461.669	90.317.676
Arður til hluthafa EUR 0,21 á hlut					(950.000)	(950.000)
Hagnaður ársins					13.161.224	13.161.224
Keypt eigin bréf	(342)				(6.498)	(6.840)
Fært á bundið eigið fé				1.181.881	(1.181.881)	0
Áhrif áhættuvarna			69.471			69.471
Þýðingarmismunur			1.321.103			1.321.103
Eigið fé 31.12.2021	4.560.158	1.165.022	(1.117.597)	2.820.537	96.484.514	103.912.635

Annað eigið fé sundurliðast þannig:

	Þýðingar- munur	Áhættu- varnir	Annað eigið fé samtals
Annað eigið fé 1.1.2020	439.840	0	439.840
Þýðingarmismunur	(2.878.539)		(2.878.539)
Áhrif áhættuvarna		(69.471)	(69.471)
Annað eigið fé 31.12.2020	(2.878.539)	(69.471)	(2.508.171)
Annað eigið fé 1.1.2021	(2.438.699)	(69.471)	(2.508.171)
Þýðingarmismunur	1.321.103		1.321.103
Áhrif áhættuvarna		69.471	69.471
Annað eigið fé 31.12.2021	(1.117.597)	0	(1.117.597)

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Rammi hf. "félagið", er útgerðar - og fiskvinnslufyrirtæki með aðsetur á Íslandi. Höfuðstöðvar félagsins eru að Gránugötu 1-3 á Siglufirði. Ársreikningurinn greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisýfirlit og skýringar.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

a. Yfirlýsing um reikningsskilastaðla

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga.

b. Grundvöllur matsaðferða

Ársreikningur félgsins er gerður á grundvelli kostnaðarverðs.

c. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningurinn er birtur í evrum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins.

d. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreikninga þurfa stjórnendur að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna síðan að verða frábrugðnar þessu mati.

Mat og ályktanir því til grundvallar eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem áhrif breytinganna vara.

3. Helstu reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem er lýst hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir öll tímabil sem koma fram í ársreikningi félagsins.

a. Dóttur- og hlutdeildarfélög

Dótturfélög

Dótturfélög eru þau félög þar sem félagið fer með yfiráð. Yfiráð eru til staðar þegar félagið hefur vald til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu félags í þeim tilgangi að hagnast á starfsemi þess. Við mat á yfiráðum er tekið tillit til mögulegs atkvæðisréttar sem þegar er nýtanlegur. Eignarhlutir í dótturfélögum eru færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð.

b. Erlendir gjaldmiðlar

(i) Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum

Viðskipti í öðrum gjaldmiðlum en evru eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í öðrum gjaldmiðlum en evru eru færðar miðað við gengi í lok árs. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

(ii) Erlend starfsemi

Eignir og skuldir erlendar starfsemi eru umreiknaðar í evrur miðað við gengi uppgjörsdags. Tekjur og gjöld erlendar starfsemi eru umreiknuð í evrur á meðalgengi ársins. Gengismunur sem myndast við yfirfærslu í evrur er færður á sérstakan lið í yfirliti um heildarafkomu. Þegar erlend starfsemi er seld, að hluta til eða öllu leyti, er tengdur gengismunur fluttur í rekstrarreikning.

Skýringar, frh.:

3. Helstu reikningsskilaaðferðir, frh.:

c. Fjármálagerningar

(i) Fjármálagerningar aðrir en afleiður

Til fjármálagerninga sem ekki eru afleiðusamningar, teljast fjárfestingar í hlutabréfum og skuldabréfum, viðskiptakröfur og aðrar kröfur, handbært fé, lántökur, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.

Fjármálagerningar sem ekki teljast afleiðusamningar eru færðir á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Fjármálagerningar eru færðir ef félagið gerist aðili að samningsbundnum ákvæðum viðkomandi fjármálagernings. Fjáreignir eru felldar út ef samningsbundinn réttur félagsins að sjóðstreymi vegna fjáreignanna rennur út eða þegar félagið yfirfærir fjáreignirnar til annars aðila án þess að halda eftir yfirráðum eða áhættu og ávinningi sem í eignarhaldi þeirra felst. Bókhaldsskráning vegna hefðbundinna kaupa og sölu á fjáreignum er gerð á viðskiptadegi, þ.e. á þeim degi sem félagið skuldbindur sig til að kaupa eða selja eignina. Fjárskuldbindingar eru felldar út úr ársreikningi ef þær skuldbindingar sem skilgreindar eru í samningi falla úr gildi, er vísað frá eða ógiltar.

Óbundnar bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

Vaxtaberandi lán eru upphaflega færð á gangvirði að frádregnum tilheyrandi kostnaði vegna þeirra. Eftir upphaflega færslu eru vaxtaberandi lán færð upp miðað við virka vexti. Lán í öðrum myntum en uppgjörsmýnt eru færð miðað við gengi viðkomandi gjaldmiðla í lok árs. Næsta árs afborganir af vaxtaberandi lánum eru færðar meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

Í skýringu 3 (l) er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum vegna fjármunatekna og fjármagnsgjalda.

(ii) Afleiðusamningar

Afleiðusamningar eru upphaflega færðir á gangvirði. Beinn viðskiptakostnaður vegna þeirra er færður í rekstrarreikning eftir því sem hann fellur til. Eftir upphaflegaskráningu eru afleiðusamningar færðir á gangvirði í efnahagsreikning og gangvirðisbreytingar færðar í rekstrarreikning meðal fjármunatekna og fjármagnsgjalda.

(iii) Áhættuvarnarreikningsskil

Félagið hefur gert afleiðusamninga um kaup á olíu til að verja áætluð framtíðareldsneytiskaup fyrir sveiflum í eldsneytisverði. Félagið beitir áhættuvarnarreikningsskilum við færslu samninga sem ætlað er að verja sjóðsflæði félagsins vegna áætlaðra framtíðarinnkaupa og sem skilgreint hefur verið sem áhættuvarnarsamband. Hagnaður eða tap af afleiðusamningi, sem skilgreindur er sem áhættuvarnarsamningur, er færður til hækkunar eða lækkunar á eldsneytiskaupum eftir því sem við á við innlausn samnings. Óinnleystur hagnaður eða tap afleiðu sem er virk áhættuvörn er færður á eigið fé til samræmis við áhættuvarnarreikningsskil vegna sjóðsflæðisvarna að frádregnum skattáhrifum.

Ef áhættuvarnarafleiðan rennur út, er seld, sagt upp eða nýtt eða ef áhættuvörnin uppfyllir ekki lengur skilyrði fyrir beitingu áhættuvarnarreikningsskila, eða ef áhættuvarnarsambandið er afturkallað, þá er beitingu áhættuvarnarreikningsskila hætt frá þeim tímapunkti.

(iv) Hlutafé

Kaup á eigin hlutum

Þegar hlutir sem flokkaðir eru sem eigið fé eru keyptir er fjárhæð kaupverðsins, að meðtöldum beinum kostnaði, færð til lækkunar á eigin fé.

Skýringar, frh.:

3. Helstu reikningsskilaaðferðir, frh.:

d. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun.

Kostnaður sem fellur til vegna fjárfestingar í rekstrarfjármunum er eignfærður þegar sá kostnaður fellur til, ef líklegt er að framtíðarhagnaður sem felst í eigninni muni renna til félagsins og ef hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra rekstrarfjármuna. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

	Nýtingartími	Hrakvirði
Fasteignir	13-25 ár	10%
Fiskiskip	4-20 ár	0-10%
Vélar og tæki	4-13 ár	10%

Niðurlagsverð er endurmetið árlega nema þegar um óverulegar fjárhæðir er að ræða.

e. Óefnislegar eignir

Aflaheimildir

Aflaheimildir eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun. Aflaheimildir eru ekki afskrifaðar línulega, en árlega er framkvæmt virðisrýrnunarpróf og byggir það á væntu markaðsverði keyptra aflaheimilda. Mat á virði aflaheimilda er grundvallað á núgildandi lögum um stjórn fiskveiða og lögum um veiðigjald og væntingum stjórnenda um rekstur næstu ára.

f. Virðisrýrnun

Bókfært verð annara eigna félagsins en peningalegra eigna er yfirfarið á hverjum uppgjörssdegi til að meta hvort vísbending sé um virðisrýrnun. Ef eitthvað bendir til þess er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar áætluð.

Virðisrýrnun er færð hvenær sem bókfært verð eignar eða sjóðskapandi hluta hennar er umfram endurheimtanlega fjárhæð hennar.

Endurheimtanleg fjárhæð eigna er söluverð þeirra eða nýtingarvirði, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er metið út frá væntu framtíðarfjárflæði sem er núvirt með vöxtum sem endurspeglar markaðsvexti og þá áhættu sem fylgir einstökum eignum.

Virðisrýrnun eigna er bakfærð ef breyting hefur átt sér stað á mati sem notað var við útreikning á endurheimtanlegri fjárhæð.

Virðisrýrnun er einungis bakfærð að því marki sem nemur áður færðri virðisrýrnun að teknu tilliti til afskrifta.

g. Fjárfestingar

Eignarhlutir í félögum öðrum en hlutdeildarfélögum eru færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til virðisrýrnunar.

Skuldabréf eru færð til eignar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun. Vaxtatekjur af skuldabréfum eru færðir í rekstrarreikning miðað við virka vexti.

h. Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun. Virðisrýrnun vegna viðskiptakrafna er færð á árinu og er hún færð til gjalda í rekstrarreikningi. Næsta árs afborganir af skuldabréfaeign eru færðar með viðskiptakröfum meðal veltufjármuna í efnahagsreikningi.

Skýringar, frh.:

3. Helstu reikningsskilaaðferðir, frh.:

i. Birgðir

Birgðir í efnahagsreikningi eru metnar samkvæmt eftirfarandi meginreglum:

- Afurðir eru metnar til eignar við áætluðu meðalframleiðsluverði, sem samanstendur af beinum og óbeinum framleiðslukostnaði. Afurðabirgðir í dótturfélaginu Primex ehf. eru metnar á beinu framleiðslukostnaðarverði.

- Rekstrarvörubirgðir eru metnar á síðasta innkaupsverði, en undirslegin veiðarfæri eru þó metin að hámarki á 20% af kaupverði.

j. Tekjur

Aflaverðmæti frystitogara og framleiðsla landvinnslu er tekjufærð á áætluðu skilaverði í bókhaldi félagsins. Við endanlega sölu eru tekjur leiðréttar til samræmis við endanlegt skilaverð.

Aðrar tekjur eru færðar þegar vara hefur verið afhent eða þjónusta innt af hendi. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra, tengdan kostnað eða að líklegt sé að vöru verði skilað.

k. Útgjöld

(i) Kostnaðarverð seldra vara

Kostnaðarverð seldra vara samanstendur af kostnaði við útgerð og landvinnslu félagsins og framleiðslukostnaði í dótturfélaginu Primex ehf., þar með töldum launakostnaði og afskriftum fiskiskipa, húsnæðis og tækja.

(ii) Útflutningskostnaður

Útflutningskostnaður samanstendur af kostnaði við útflutning á seldum vörum félagsins s.s flutningskostnaði og vátryggingum.

(iii) Sameiginlegur rekstrarkostnaður

Sameiginlegur rekstrarkostnaður samkvæmt rekstrarreikningi samanstendur af skrifstofu- og stjórnunarkostnaði, launakostnaði, niðurfærslu skammtímakrafna og ýmsum öðrum kostnaði.

l. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur samstanda af vaxtatekjum og gengismun af eignum í öðrum gjaldmiðlum. Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti.

Fjármagnsgjöld samstanda af vaxtagjöldum og verðbótum af lánum, gengismun af skuldum í öðrum gjaldmiðlum og öðrum fjármagnskostnaði.

m. Tekjuskattur

Tekjuskattur ársins samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé en í þeim tilvikum er tekjuskattur færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður tekjuskattur sem greiða skal vegna skattskyldra tekna ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörssdegi.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundins mismunar á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Útreikningur á frestuðum skatti byggist á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundinn mismunur kemur til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörssdegi.

Tekjuskattur er ekki reiknaður vegna varanlegs mismunar sem myndast hefur við samruna félaga og skilgreindur hefur verið sem aflaheimildir þar sem slíkar eignir eru ekki frádráttarbærar samkvæmt skattalögum.

Skatteign er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni sem unnt verður að nýta eignina á móti. Skatteign er metin á hverjum uppgjörssdegi og lækkuð að því marki sem talið er líklegt að hún nýtist ekki. Tekjuskattshlutfall félagsins er 20%.

Skýringar, frh.:

3. Helstu reikningsskilaaðferðir, frh.:

n. Hagnaður á hlut

Í ársreikningnum er sýndur grunnhagnaður á hlut sem og þynntur hagnaður á hlut. Grunnhagnaður á hlut er miðaður við hagnað, sem ráðstafað er til hluthafa í móðurfélaginu og vegins meðaltals hlutfjár á árinu og sýnir hver hagnaðurinn er á hverja evru hlutfjár. Þynntur hagnaður á hlut er hinn sami og grunnhagnaður á hlut, þar sem ekki hafa verið gefnir út kaupréttir til starfsmanna eða annarra og félagið hefur ekki tekið lán sem eru breytanleg í hlutfé.

o. Starfspáttayfirlit

Starfspáttayfirlit félagsins er byggt á rekstrarstarfspáttum. Rekstrartekjum starfspáttu tekur til þátta sem heyra beint undir ákveðna starfspætti og til þeirra liða sem hægt er að skipta á milli starfspáttu á rökrænan hátt. Eignum og skuldum félagsins er ekki skipt eftir starfspáttum. Í þeim tilvikum sem skip félagsins afla hráefnis til eigin vinnslu er aflaverðmætið tekjufært hjá útgerðarsviði við löndun afla.

4. Starfspáttayfirlit

2021	Útgerð	Vinnsla	Jöfnunar- færslur	Samtals
Rekstrartekjur frá viðskiptavinum	42.942.650	17.655.592	0	60.598.242
Innri sala	6.323.487	0 (6.323.487)	0
Rekstrartekjur samtals	49.266.137	17.655.592 (6.323.487)	60.598.242
2020				
Rekstrartekjur frá viðskiptavinum	38.473.837	14.178.651	0	52.652.489
Innri sala	5.738.089	0 (5.738.089)	0
Rekstrartekjur samtals	44.211.926	14.178.651 (5.738.089)	52.652.489

5. Laun og launatengd gjöld

	2021	2020
Laun og launatengd gjöld greinast þannig:		
Laun	18.654.267	17.403.830
Mótframlag í lífeyrissjóð	1.936.582	1.818.118
Önnur launatengd gjöld	1.650.384	1.633.298
Laun og launatengd gjöld samtals:	22.241.234	20.855.246
Ársverk	147	152
Laun og launatengd gjöld greinast þannig á rekstrarliði:		
Kostnaðarverð seldra vara	20.704.035	19.415.107
Sameiginlegur rekstrarkostnaður	1.537.198	1.440.139
Laun og launatengd gjöld samtals:	22.241.234	20.855.246

Laun framkvæmdastjóra Ramma hf. námu á árinu 168 þúsund evrum, laun til stjórnarformanns námu 32 þúsund evrum og laun til annara stjórnarmanna samtals 80 þúsund evrum og laun endurskoðunarnefndar samtals 5 þúsund evrum.

6. Þóknarir til endurskoðenda

Þóknarir til endurskoðenda greinast þannig:		
Endurskoðun ársreiknings	28.599	29.478
Könnun árshlutareikninga	4.007	5.864
Önnur þjónusta	16.094	5.964
	48.700	41.306

Skýringar, frh.:

7. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

	2021	2020
Fjármunatekjur		
Vaxtatekjur	13.306	8.838
Áhrif eignarhluta í félögum	0	6.588
Gengismunur	62.132	(102.685)
Fjármunatekjur samtals	75.438	(87.259)
Fjármagnsgjöld		
Vaxtagjöld	(956.882)	(1.438.204)
Gengismunur	(77.799)	363.505
Áhrif eignarhluta í félögum	(91.405)	(110.600)
Fjármagnsgjöld samtals	(1.126.085)	(1.185.299)
Hrein fjármagnsgjöld	(1.050.647)	(1.272.558)

8. Tekjuskattur

Félagið hefur fram til ársins 2021 miðað skattskil sín við íslenska krónu (ISK). Frá og með árinu 2021 mun félagið miða skattskil sín við evru (EUR) sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Þessi breyting mun hafa þau áhrif að áhrif gengissveiflna á tekjuskatt í rekstri munu minnka. Virkt tekjuskattshlutfall félagsins á árinu 2021 var 17,09% (2020: 14,59%).

Tekjuskattur í rekstri

Tekjuskattur	(2.712.111)	(1.496.155)
	(2.712.111)	(1.496.155)

Virkur tekjuskattur greinist þannig:

	2021	2020
Hagnaður fyrir tekjuskatt	15.873.335	10.252.843
Tekjuskattur skv. gildandi skatthlutfalli	20,00% (3.174.667)	20,00% (2.050.569)
Gengismunur vegna skattframtals í ISK	0,00% 0	(2,96%) 303.852
Áhrif eignarhluta og dótturfélaga	(3,04%) 483.056	(2,45%) 251.164
Leiðrétting vegna fyrri ára	(0,00%) 481	0,00% (0)
Aðrir liðir	0,13% (20.981)	0,01% (602)
Virkur tekjuskattur	17,09% (2.712.111)	14,59% (1.496.155)

9. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Fasteignir	Fiskiskip	Áhöld og tæki	Samtals
Kostnaðarverð				
Heildarverð 1.1.2021	13.199.333	53.813.216	11.970.080	78.982.629
Viðbætur ársins	0	31.263	211.203	242.466
Selt á árinu	0	0	(133.988)	(133.988)
Heildarverð 31.12.2021	13.199.333	53.844.480	12.047.295	79.091.107
Afskriftir og virðisryrnun				
Afskrifað alls 1.1.2021	11.341.717	20.024.828	9.071.012	40.437.557
Bókuð virðisryrnun 1.1.2021	777.689	0	353.598	1.131.287
Afskriftir ársins	64.695	2.313.507	367.972	2.746.175
Selt á árinu	0	0	(112.797)	(112.797)
Afskrifað og virðisryrnun alls 31.12.2021	12.184.102	22.338.335	9.679.785	44.202.221
Bókfært verð				
1.1.2021	1.079.926	33.788.388	2.545.471	37.413.785
31.12.2021	1.015.231	31.506.144	2.367.510	34.888.886
Afskriftahlutföll	4-8%	6-20%	8-33%	

Skýringar, frh.:

9. Rekstrarfjármunir, frh.:

	2021	2020
Afskriftir skiptast þannig á rekstrarliði:		
Kostnaðarverð seldra vara	2.694.600	2.729.335
Sameiginlegur rekstrarkostnaður	51.575	34.873
Afskriftir samtals	<u>2.746.175</u>	<u>2.764.208</u>

Fasteignamat mannvirkja félagsins nam samtals EUR 6,5 milljónir í árslok. Á sama tíma var brunabótamat fasteigna félagsins EUR 22,9 milljónir og váttryggingarverð skipa EUR 52,4 milljónir

10. Skip í smíðum

Félagið hefur undirritað samning um smíði á togara við skipasmíðastöð í Tyrklandi. Áætlað er að togarinn verði afhentur á árinu 2023. Greiðslur vegna samningsins eru eignfærðar. Tyrkneskur banki hefur veitt endurgreiðsluábyrgð á móti greiðslu til skipasmíðastöðvarinnar.

11. Veðsetningar og ábyrgðaskuldbindingar

Á skipum félagsins hvíla tryggingarbréf og veðsetningarbann til tryggingar skuldum að eftirstöðvum EUR 41,2 milljónir í lok ársins, þar af eru EUR 5,5 milljónir vegna skulda dótturfélags sem félagið hefur gengist í sjálfskuldarábyrgð fyrir.

12. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru aflaheimildir og greinast þannig:

	Aflaheimildir	Samtals
Óefnislegar eignir 1.1.2021	78.060.188	78.060.188
Óefnislegar eignir 31.12.2021	<u>78.060.188</u>	<u>78.060.188</u>
Bókfært verð		
1.1.2021	78.060.188	78.060.188
31.12.2021	<u>78.060.188</u>	<u>78.060.188</u>

Keyptar aflaheimildir eru færðar til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði sem óefnislegar eignir með ótakmarkaðan líftíma og er framkvæmt virðisrýrnunarpróf á þeim að minnsta kosti árlega.

Í árslok 2021 var framkvæmt virðisrýrnunarpróf á aflaheimildum félagsins með því að reikna endurheimtanlegt virði þeirra. Niðurstaða virðisrýrnunarprófsins leiddi ekki til virðisrýrnunar á aflaheimildum.

Við mat á hugsanlegri virðisrýrnun var bókfært verð aflaheimilda borið saman við vænt gangvirði í árslok 2021. Niðurstaða þessa samanburðar var að vænt gangvirði væri mun hærra en bókfært verð og því ekki ástæða til virðisrýrnunar.

Niðurstaða virðisrýrnunarprófs miðað við gildandi lög á uppgjörstími, áætlanir um afkomu og fjárfestingar næstu ár leiða ekki til þess að í ársreikningi 2021 sé færð virðisrýrnun á aflaheimildir félagsins. Verði gerðar breytingar á gildandi lögum um fiskveiðistjórnun eða lögum um veiðigjöld kann niðurstaða virðisrýrnunarprófs að verða önnur.

Skýringar, frh.:

12. Óefnislegar eignir, frh.:

Aflaheimildir félagsins innan lögsögu greinast þannig eftir tegundum:

	Úthlutaðar heimildir tonn	Óveidd tonn 31.12.2021
Þorskur	6.789	4.450
Ufsi	2.260	1.859
Ýsa	1.079	503
Gullkarfi	1.070	714
Grálúða	959	951
Rækja	648	750
Skarkoli	391	370
Langlúra	296	244
Djúpkarfi	242	299
Steinbítur	99	95
Blálanga	34	1
Skötuselur	28	15
Þykkvalúra	26	6
Sandkoli	25	20
Langa	23 (10)
Gulllax	20	19
Hlýri	6 (5)
Skrápfúra	4	4
Litli karfi	4	4
Keila	1	1
Humar	0	2
Rækja við Snæfellsnes	0	7
Samtals aflaheimildir í þorskígildum	13.183	9.851

Úthlutun aflaheimilda í íslenski fiskveiðilögsögu fer fram árlega og byggir á ákvæðum laga um stjórn fiskveiða. Sjávarútvegsráðherra ákveður með reglugerð þann heildarafla sem veiða má úr þeim nytjastofnum sem nauðsynlegt er talið að takmarka veiðar á.

Félaginu hefur verið úthlutað fyrir árið 2022 aflaheimildum sem nema 853 tonnum af þorski í norski lögsögu og á árinu 2021 var félaginu úthlutað 556 tonnum af þorski og 49 tonnum af ýsu í rússneski lögsögu. Ekki liggur fyrir úthlutun í rækju við Snæfellsnes og aflaheimildum í humri verður ekki úthlutað.

Útreikningur á þorskígildum miðast við margfeldisstuðla sem gefnir eru út af sjávarútvegsráðuneytinu.

13. Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum greinast þannig:	31.12.2021	31.12.2020
Eignarhlutir í sex (2020: átta) félögum	542.228	587.833
Samtals eignarhlutir í félögum	542.228	587.833

14. Birgðir

Birgðir félagsins greinast þannig:

Afurðabirgðir	3.730.408	4.868.598
Hráefnis- og rekstrarvöribirgðir	1.813.446	1.124.370
Birgðir samtals	5.543.854	5.992.968

Skýringar, frh.:

15. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	31.12.2021	31.12.2020
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur greinast þannig:		
Viðskiptakröfur	3.013.835	2.558.302
Aðrar skammtímakröfur	335.562	465.563
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur samtals	<u>3.349.397</u>	<u>3.023.865</u>

16. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum.

17. Eigið fé

Hlutfé

Heildarhlutfé Ramma hf. samkvæmt samþykktum þess nam EUR 4.660.088 í lok árs. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar evru hluta í félaginu auk réttar til arðgreiðslu.

Félagið á eigin bréf að nafnverði EUR 99.930 (2,14% af heildarhlutfé).

Lögbundinn varasjóður

Hlutfélagum er skylt að leggja minnst tíu prósent þess hagnaðar, sem ekki fer til þess að jafna hugsanlegt tap fyrri ára og ekki er lagt í aðra lögbundna sjóði, í lögbundinn varasjóð uns hann nemur tíu prósentum hlutfjárins. Þegar því marki hefur verið náð skulu framlög vera minnst fimm prósent þar til sjóðurinn nemur einum fjórða hluta hlutfjárins. Heimilt er að nota varasjóð til að jafna tap sem ekki er unnt að jafna með færslu úr öðrum sjóðum. Þegar varasjóður nemur meiru en einum fjórða hluta hlutfjárins er heimilt að nota fjárhæð þá sem umfram er til þess að hækka hlutféð eða, sé fyrirmæla 53. gr. laga nr. 2/1995 um hlutfélög gætt, til annarra þarfa.

Annað eigið fé

Til annars eigin fjár telst þýðingarmunur sem inniheldur gengisbreytingar vegna dótturfélaga og áhrif áhættuvarna á uppgjörstegi.

Bundinn hlutdeildarreikningur

Bundinn hlutdeildarreikningur inniheldur hlutdeild í hagnaði dótturfélaga sem er umfram mótttekinn eða úthlutaðan arð frá viðkomandi félögum á undirritunardegi.

Arður

Aðalfundur félagsins sem haldinn var 13. mars 2021 ákvað að greiða út arð að fjárhæð EUR 0,95 milljónir vegna rekstrarársins 2020 og var arðurinn greiddur hluthöfum 21. maí 2021.

18. Hagnaðarhlutur

Grunnhagnaður á hlut er miðaður við hagnað, sem ráðstafað er til hluthafa í félaginu og vegins meðaltals hlutfjár á árinu og sýnir hver hagnaðurinn er á hverja krónu hlutfjár. Þynntur hagnaður á hlut er hinn sami og grunnhagnaður á hlut, þar sem ekki hafa verið gefnir út kaupréttir til starfsmanna eða annarra og félagið hefur ekki tekið lán sem eru breytanleg í hlutfé.

Hagnaðarhlutur er hlutfall hagnaðar og vegins meðaltals fjölda hluta:	2021	2020
Hreinn hagnaður.....	13.161.224	8.756.687
Fjöldi hluta í upphafi árs.....	4.560.500	4.560.509
Áhrif kaupa á eigin bréfum..... (299) (1)		
Vegið meðaltal fjölda hluta á árinu.....	4.560.201	4.560.508
Hagnaðarhlutur.....	2,89	1,92

Skýringar, frh.:

19. Vaxtaberandi lán

Vaxtaberandi lán greinast þannig:

	31.12.2021	31.12.2020
Langtímalán		
Veðtryggð bankalán	28.451.372	32.714.736
	<u>28.451.372</u>	<u>32.714.736</u>
Skammtímaskuldir		
Næsta árs afborgun tryggðra lána	4.263.363	4.263.363
Skammtímaskuldir	3.000.000	9.500.000
	<u>7.263.363</u>	<u>13.763.363</u>

Sundurliðun tryggðra lána félagsins

Tryggð lán í EUR	32.714.736	36.978.099
Langtímalán samtals, þ.m.t. næsta árs afborgun	32.714.736	36.978.099
Næsta árs afborgun	(4.263.363)	(4.263.363)
Samtals	<u>28.451.372</u>	<u>32.714.736</u>

Samningsbundnar afborganir langtímalána greinast þannig á næstu ár:

Afborgun 2021	-	4.263.363
Afborgun 2022	4.263.363	4.263.363
Afborgun 2023	21.543.039	21.543.039
Afborgun 2024	6.461.905	6.461.905
Afborgun 2025	446.429	446.429
Samtals	<u>32.714.736</u>	<u>36.978.099</u>

20. Tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattsskuldbinding félagsins greinist þannig:

Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun	9.640.633	8.954.747
Reiknaður tekjuskattur	2.712.111	1.496.155
Leiðrétting vegna fyrra árs	481	(0)
Aðrar breytingar	17.368	(17.368)
Tekjuskattur til greiðslu	(2.053.262)	(792.901)
Tekjuskattsskuldbinding í lok ársins	<u>10.317.331</u>	<u>9.640.633</u>

Tekjuskattsskuldbinding skiptist á eftirfarandi liði í efnahagsreikningi:

Rekstrarfjármunir	4.001.758	3.882.999
Óefnislegar eignir	6.685.111	6.685.111
Frestaður gengismunur	(482.555)	(1.019.673)
Áhættuvarnir	0	(17.368)
Aðrir liðir	113.017	109.564
Tekjuskattsskuldbinding í lok ársins	<u>10.317.331</u>	<u>9.640.633</u>

21. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:

Viðskiptaskuldir	1.687.456	1.451.016
Ógreidd laun og launatengdur kostnaður	1.736.667	1.611.074
Skuldbinding vegna áhættuvarna	0	86.839
Annar ógreiddur kostnaður	348.688	290.375
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals	<u>3.772.811</u>	<u>3.439.305</u>

Skýringar, frh.:

22. Áhættustjórnun

Áhætta vegna viðskiptakrafna, vaxta og gjaldmiðla tengist reglubundinni starfsemi samstæðunnar. Félagið hefur metið helstu áhættur í rekstri með aðstoð fjármálafyrirtækis. Helstu áhættur voru metnar gengisþróun ISK, gengisþróun EUR gagnavart GBP og breytingar á olíuverði.

Áhætta vegna viðskiptakrafna

Stjórnendur fylgjast reglulega með innheimtu viðskiptakrafna. Mat á innheimtanleika er unnið reglulega og kröfur færðar niður ef talið er líklegt að þær muni ekki innheimtast. Í sögulegu ljósi hefur útlánatap verið óverulegt. Í árslok 2021 nemur óbein niðurfærsla viðskiptakrafna EUR 0,05 millj. (2020: EUR 0,04 millj.) og á árinu 2021 voru EUR 0 milli. afskrifaðar (2020: 0,04 milli.).

Gjaldmiðlaáhætta

Tekjur félagsins eru að mestu í EUR, GBP, USD og JPY en meginhluti skulda félagsins eru í EUR. Félagið leitast við að lágmarka áhættu af breytingum á gengi gjaldmiðla, sérstaklega gagnvart helstu áhættum eins og gengisþróun ISK og gengi EUR gagnvart GBP. Félagið hefur ekki gert afleiðusamninga á árinu 2021 vegna gjaldmiðlaáhættu.

Olíuverðsáhætta

Félagið festi verð á hluta af væntri olíunotkun ársins 2021 með framvirkum samningum, eða um 25% af áætlaðri olíunotkun til loka júní 2021. Í lok árs 2021 eru engir afleiðusamningar í gildi.

Vaxtaáhætta

Allar vaxtaberandi skuldir félagsins eru á fljótandi vöxtum, þar af er 93,8% með núll vaxtafót. Félagið hefur ekki varið sig gegn vaxtaáhættu með notkun afleiðusamninga.

23. Tengdir aðilar

Hluthafar, hlutdeildarfélag, stjórnarmenn og stjórnendur teljast vera tengdir aðilar félagsins.

Marteinn Haraldsson ehf. er eigandi 38,88% hlutafjár, engin viðskipti eru við félagið.

Félagið átti ekki í viðskiptum við stjórnarmenn, framkvæmdastjóra eða félög sem þessir aðilar eiga að fullu.

Dótturfélög Ramma hf. eru Arctic Seafood Ltd. í Englandi, Primex ehf. á Siglufirði og Sigurbjörn ehf. í Grímsey, félögin eru öll 100% í eigu Ramma hf. Hagnaður var af starfsemi Arctic Seafood Ltd. að fjárhæð GBP 395 þúsund, af starfsemi Primex ehf. að fjárhæð ISK 65,6 milljónir og af starfsemi Sigurbjarnar ehf. að fjárhæð ISK 241,8 milljónir.

Á árinu 2021 seldi Rammi hf. Arctic Seafood Ltd. vöru og þjónustu fyrir EUR 24,2 milljónir og Primex ehf. fyrir EUR 0,2 milljónir og leigði aflaheimildir af Sigurbirni ehf. fyrir EUR 1,8 milljónir.

	Eignarhlutur	Hlutdeild	Bókfært verð
Arctic Seafood Ltd. Englandi	100,0%	459.592	2.234.762
Primex ehf. Siglufirði	100,0%	437.011	3.987.278
Sigurbjörn ehf. Grímsey	100,0%	1.610.085	17.207.759
		<u>2.506.687</u>	<u>23.429.800</u>

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf, óendurskoðað

Viðskiptalíkan

Rammi hf. er íslenskur lögaðili sem á fiskiskip með aflahlutdeild samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða og lögum um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og telst vera stórt félag í skilningi d-liðar 11. tölul., 2. gr., laga nr. 3/2006 um ársreikninga.

Félagið er útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki sem gerir út fjögur fiskiskip frá Ólafsfirði, Siglufirði og Þorlákshöfn auk þess starfrækir félagið fisk vinnslu í Þorlákshöfn og rækjuvinnslu á Siglufirði. Rammi hf. er eigandi sjávarlíftækni félagsins Primex hf. sem rekur kítósanverksmiðju á Siglufirði, Arctic Seafood Ltd. sem er söluvyrirtæki Ramma í Bretlandi og Sigurbjarnar ehf. í Grímsey sem á aflaheimildir.

Viðskiptalíkan félagsins snýst um sjálfbærar fiskveiðar, vinnslu fiskafurða og sölu, að megninu til á erlenda markaði. Bretland er okkar stærsti markaður, önnur Evrópuríki fylgja svo í kjölfarið. Tekjur frá Bandaríkjunum hafa verið að aukast en tekjur af Asíumarkaði eru minni en á hinum landsvæðunum. Auk þess er hluti af afla skipa félagsins seldur á fiskmörkuðum innanlanda.

Heilt yfir er eftirspurn eftir sjávarafurðum að aukast á heimsvísu og þá sérstaklega sjávarafurðum sem veiddar eru með ábyrgum eða sjálfbærum hætti t.d. úr MSC vottuðum fiskistofnum. Þá er meiri áhersla lögð á rekjanleika afurðanna.

Rammi og dótturfélög fylgjast vel með þróun á mörkuðum og að aðlaga viðskiptalíkön sín að breyttum aðstæðum, eins og breyttri neytendahegðun hvað varðar sjálfbærar sjávarafurðir.

Rammi vill starfa í sátt við umhverfið og samfélagið. Það er markmið Ramma að hámarka efnahagslegan ávinning af nýtingu sameiginlegra náttúruauðlinda, sem félaginu hefur verið treyst fyrir, fyrirtækinu og samfélaginu til heilla og styðja við nýsköpun og þróun tengdri greininni. Rammi hefur það að leiðarljósi að nýting fiskistofna sé sjálfbær til framtíðar fyrir komandi kynslóðir, gæði afurða og ábyrgð gagnvart umhverfi og samfélagi. Rammi er aðili að Iceland Responsible Fisheries sem stendur fyrir upprunamerkingu íslenskra sjávarafurða og vottun á ábyrgum fiskveiðum.

Stefnur

Rammi hefur undirritað samfélagsstefnu Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) ásamt flestum sjávarútvegsfyrirtækjum landsins. Sú stefna er notuð til að marka upphaf í UFS málum (umhverfis og félagslegir þættir og stjórnahættir) innan félagsins. Þá hefur Rammi sett starfskjarastefnu og stefnu gegn mútum og spillingu, öryggisstefnu ásamt gæðastefnu, jafnlaunastefnu sem og jafnréttisáætlun. Rammi hefur ekki sett sér sérstakar stefnur í eftirfarandi málum: sjálfbærni, umhverfis eða siðareglum fyrir starfsfólk. Í lok árs var skilgreindur starfsmaður hjá félaginu sem mun hafa umsjón með málaflöknum. Í framhaldi mun félagið leggja meiri áherslu á UFS og önnur tengd mál.

Nánari upplýsingar um Ramma og Primex má finna á heimasíðu félaganna, www.rammi.is og www.primex.is

Áreiðanleikakönnunarferli

Hjá félaginu er unnið eftir ýmsu ferlum og kerfum til að tryggja gæði afurða og upplýsinga.

Á árinu 2021 hlaut félagið jafnlaunavottun sem ætlað er að tryggja réttar upplýsingar varðandi launamun kynjanna. Formleg öryggisstefna hefur verið sett upp, félagið lagði áherslu á að bæta atvikaskráningar en fyrirhugað er að bæta það enn frekar á komandi ári. Gæðakerfi félagsins snýr að virðisbætur, meðhöndlun afla, innkaupum á hráefni, móttöku, framleiðslu, þökkun, merkingu og afhendingu. Gæðakerfi er tekið reglulega út, bæði innan félagsins og af utanaðkomandi aðilum. Þó svo að mesta áherslan sé á matvælaöryggi snúa margir þættir úttektanna undir sjálfbærni, umhverfis- og loftlagsmál, félagslega þætti og stjórnarhætti.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf, óendurskoðað, frh.:

Áreiðanleikakönnunarferli, frh.:

Allar framleiðslustöðvar Ramma og Primex vinna skv. almennum hollustuþáttum með áherslu á HACCP. Matvælastofnun (mast) vottar það ferli nokkrum sinnum á ári. Þar að auki vinnur félagið eftir eftirtöldum stöðlum og vottunum:

- Rækjuvinnsla: BRC gæðakerfi vottað af 3ja aðila (BRCGS Food Safety Global Standards), MSC vottaður rekjanleiki (MSC Chain of Custody Standard). Framleiðsluferlið stenst kröfur eftirfarandi smásala Tesco, Marks & Spencer og Morrisons.
- Fiskvinnsla: MSC vottaður rekjanleiki (MSC Chain of Custody Standard), IRF vottaðar fiskveiðar (Icelandic Responsible Fisheries). Unnið að 3ja aðila vottun fyrir gæðakerfið, skipt úr IFS yfir í BRC vottun, fyrirhuguð úttekt í mars 2022.
- Sólberg ÓF1: IRF vottaðar fiskveiðar (Icelandic Responsible Fisheries). Á tímabilinu var ákveðið að vottun FEMAS (Feed Materials Assurance Scheme) yrði ekki endurnýjuð þó unnið sé enn skv. staðlinum.
- Primex: ISO 22000 vottaður matvælaöryggisstaðall, TÚN vottun náttúruafurða og hráefna, MSC vottaður rekjanleiki (MSC Chain of Custody Standard), HALAL vottuð matvælaframleiðsla, ISO 13485 vottuð framleiðsla fyrir lækninautæki og NEOEMKI vottað gæðakerfi fyrir framleiðslu og sölu lækninautækja

Umhverfismál

Rammi hefur undirritað samfélagsstefnu SFS. Ætlunin með stefnunni er að fanga megináhættur í íslenskum sjávarútvegi ásamt stýringu þeirra. Eftirfarandi áhersluatriði koma fram í stefnunni:

- Að tryggja gott ástand fiskistofna og að upplýsingar um veiðar og umgengni við vistkerfi hafsins séu traustar, rekjanlegar og gagnsæjar. Félagið er meðvitað um að losun gróðurhúsalofttegunda eykur súrnun sjávar sem hefur skaðleg áhrif á lífríki hafsins og fiskistofna.
- Auka nýsköpun og fjárfestingu sem er ein forsenda árangurs í umhverfismálum.
- Að innleiða hringrásarhugsun í starfsemi, þ.e. að auka nýtni afurða og minnka ágang á náttúruauðlindir, sjá til þess að úrgangur sé endurnýttur og tryggja rekjanleika afurða.
- Að mæla og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda ásamt því að jafna og binda losun gróðurhúsalofttegunda.
- Að leita leiða til að minnka notkun á jarðefnaeldsneyti og stuðla þannig að orkuskiptum með betri orkunýtni tækja og skipa.

Með endurskipulagningu fiskveiða félagsins hefur brennsla jarðefnaeldsneytis minnkað um 60% frá 1997.

Eftirfarandi eru lykilmælikvarðar Ramma er snúa að umhverfis- og loftlagsmálum og er markmið félagsins að mæla árangur þeirra á árinu 2022:

- Útblástur kolefnisspors frá eigin framleiðslu (umfang 1)
- Fjárfesting í aðlögun að loftslagsbreytingum
- Endurnýtingarhlutfall úrgangs og veiðarfæra
- Hlutfall rekjanlegra afurða
- Hlutfall bifreiða og annarra tækja sem ganga fyrir endurnýjanlegum orkugjöfum

Primex, dótturfélag Ramma, hefur skilað inn grænu bókhaldi til Umhverfisstofnunar síðastliðinn ár í samræmi við starfsleyfi sitt.

Rammi og dótturfélög hafa markvisst leitað leiða til umbóta í umhverfismálum, nýtingu afurða og þannig lágmarka neikvæð umhverfisáhrif starfseminnar. Dótturfélagið Primex ehf. var stofnað til að vinna vörur úr rækjuskel sem áður var hent í sjóinn með verulegum umhverfisáhrifum. Primex ehf. kaupir jafnframt rækjuskel af öðrum rækjuvinnslum. Með tilkomu mjöl- og lýsisverksmiðju um borð í Sólbergi ÓF1 er nú framleidd afurð úr því sem áður var hent. Allur afli Sólbergs ÓF1 er nýttur að undanskildu roði og innyfli úr ýsu. Rammi og dótturfélög fylgja öllum lagakröfum á sviði umhverfismála í starfsemi samstæðunnar.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf, óendurskoðað, frh.:

Félagslegir þættir

Rammi hefur undirritað samfélagsstefnu SFS. Ætlunin með stefnunni er að fanga megináhættur í íslenskum sjávarútvegi ásamt stýringu þeirra. Eftirfarandi áhersluatriði koma fram í stefnunni:

- Áhersla á ábyrgð gagnvart starfsfólki. Virðing er höfð að leiðarljósi í öllum samskiptum og jöfn laun og tækifæri tryggð. Hverskyns mismunur er ekki liðin. Starfsfólk er stutt til að auka þekkingu sína og færni. Reynt er í hvívetna að tryggja að vinnustaðir séu öruggir og góðir með því að draga úr hættu við vinnu og í starfsumhverfi. Öryggisfræðsla er markviss.
- Skuldbinding til að fara að gildandi lögum og reglum um mannréttindi sem lúta meðal annars að nauðungar- og þrælkunarvinnu, barnavinnu og misrétti á vinnustöðum.
- Stuðningur við menntun og tengsl sjávarútvegsins við menntakerfið eflað ásamt því að kynna spennandi atvinnumöguleika í sjávarútvegi.

Eftirfarandi eru lykilmælikvarðar Ramma er snúa að félagslegum þáttum og er markmið félagsins að mæla árangur þeirra með skipulegum hætti á árinu 2022:

- Launamunur kynja
- Starfsmannavelta
- Kynjafjölbreytni
- Aðgerðir gegn mismunur
- Vinnuslysatiðni
- Mannréttindi

Launagreining var gerð á árinu 2021 og mældist launamunur kynjanna í heild óverulegur. Starfsmannavelta er almennt lág hjá félaginu og kynjahlutföll hjá heildar fjölda starfsfólks með nokkuð jöfnum hætti. Til margra ára hefur verið gerð starfsánægjukönnun hjá rækjuvinnslunni, sett eru markmið og úrbætur framkvæmdar ef þörf

Stjórnarhættir

Rammi hefur undirritað samfélagsstefnu SFS. Ætlunin með stefnunni er að fanga megináhættur í íslenskum sjávarútvegi ásamt stýringu þeirra. Eftirfarandi áhersluatriði koma fram í stefnunni:

- Unnið gegn spillingu í hvaða formi sem er ásamt því að stunda heiðarleg viðskipti og gæta að orðsþori íslensks sjávarútvegs. Starfsfólk er hvatt til að tilkynna brot í starfsemi til stjórnenda fyrirtækisins.
- Stuðlað er að gagnsæjum starfsháttum og góðum samskiptum á vinnustað og utan hans.
- Kröfur eru gerðar til birgja að þeir starfi eftir lögum og reglum.
- Skuldbinding um að birta ófjárhagslegar upplýsingar, þ.e. UFS uppgjör (umhverfismál, félagslegir þættir og stjórnarhættir).
- Birta skattspor, upplýsingar um hvar skattar eru greiddir og viðskipti við tengda aðila.
- Samskipti við nærsamfélagið, lögum samkvæmt.
- Yfirsýn stjórnar og stjórnenda yfir UFS áhættur, með reglulegri umfjöllun á stjórnar- og framkvæmdastjórnarfundum

Auk þess er það stefna félagsins að eiga í góðum samskiptum við hagaðila og tryggja gagna- og upplýsingaöryggi.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf, óendurskoðað, frh.:

Stjórnarhættir, frh.

Eftirfarandi eru lykilmælikvarðar Ramma er snúa að stjórnarháttum og er markmið félagsins að mæla árangur þeirra með skipulegum hætti á árinu 2022:

- Kynjahlutfall í stjórn
- Siðferði og aðgerðir gegn spillingu
- Birting sjálfbærnisráslu
- Gögn tekin út eða sannreynd af ytri aðila
- Fjárfesting í nýsköpun
- Skattspor félagsins

Stjórn Ramma hefur sett félaginu stefnu gegn mútum og spillingu. Unnið var að uppsetningu nafnlausri tilkynningasiðu starfsmanna til stjórnenda og er áætlað þeirri vinnu ljúki í upphafi árs 2022.

Stjórnarháttaryfirlýsing

Stjórn Ramma hf. leggur áherslu á góða stjórnarhætti og hefur sett sér starfsreglur þar sem fylgt er *Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja*, þar er valdsvið hennar skilgreint og verksvið gagnvart framkvæmdastjóra. Leiðbeiningarnar eru gefnar út af Viðskiptaráði Íslands, NASDAQ OMX Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins.

Um reksturinn gildir ítarlegt regluverk og opinbert eftirlit. Fiskistofa sér um eftirfylgni með framkvæmd þeirra laga og reglna sem settar eru í samvinnu við aðrar helstu stofnanir í stjórnkerfi sjávarútvegs á Íslandi. Helstu lög sem gilda um starfsemina eru lög um stjórn fiskveiða nr. 38/1999, lög um hlutafélög og ársreikninga.

Rammi á dótturfélögin Arctic Seafood Ltd., Primex ehf., Sigurbjörn ehf. og Hafnarhyrnu ehf. (engin starfemi) og eru stjórnir þeirra ábyrgar fyrir rekstri dótturfélaganna.

Stjórn

Stjórnarmenn skulu búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt.

Stjórn skipa fimm stjórnarmenn og er hún samsett af þremur karlmönnum og tveimur konum og eru því kynjahlutföll í samræmi við lög. Hins vegar eru varamenn báðir karlmenn.

Stjórnin hefur lagt mat á hvort sitjandi stjórnarmenn séu á hverjum tíma óháðir félaginu og stórum hluthöfum þess.

Gunnar Sigvaldason stjórnarformaður er fæddur 1938. Hann er með Verslunarpróf frá Verslunarskóla Íslands. Hann var framkvæmdastjóri Valbergs ehf. frá árinu 1961 til 2000 og framkvæmdastjóri Sæbergs hf. frá 1974 til 1997. Gunnar hefur verið stjórnarformaður Ramma hf. frá árinu 2009 og var framkvæmdastjóri félagsins frá 1997 til 2009. Hann situr í stjórn Sölku fiskmiðlunar hf., Atlas hf. og í dótturfélögum Ramma hf., Primex ehf., Hafnarhyrnu ehf. og Sigurbjörns ehf. Gunnar hefur engin hagsmunatengsl hvorki við helstu viðskiptaaðila né samkeppnisaðila félagsins. Eignarhlutur hans í Ramma hf. nemur 16,74%.

Gunnar Svavarsson, varaformaður stjórnar, er fæddur 1951. Hann er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og hefur starfað sem ráðgjafi hjá Kontakt ehf. frá árinu 2008. Gunnar var framkvæmdastjóri hjá Icebank hf. á árunum 2006 til 2007, forstjóri Icelandic Group hf. á árunum 1999 til 2005. Hann var fjármála- og forstjóri Hampiðjunnar hf. á tímabilinu 1974 til 1999. Gunnar var í stjórn Ramma hf. á árunum 1994 til 1999 og síðan frá 2006 til dagsins í dag. Gunnar hefur engin hagsmunatengsl hvorki við helstu viðskiptaaðila né samkeppnisaðila félagsins eða hluthafa. Hann á enga hluti í félaginu.

Katrín Pétursdóttir, stjórnarmaður, er fædd 1962. Hún er iðnrekstrarfræðingur frá Tækniskóla Íslands. Hún er framkvæmdarstjóri Lýsis hf. áður Fiskafurða umboðssölu ehf. og Hnotskurn ehf. Katrín hefur setið í stjórn Ramma hf. frá árinu 2017. Katrín situr í stjórnnum Viðskiptaráðs Íslands, Ísals hf. og Akraborgar ehf. Katrín hefur engin hagsmunatengsl hvorki við helstu viðskiptaaðila né samkeppnisaðila félagsins eða hluthafa. Lýsi hf. á óverulegan hlut í Ramma hf. eða 0,01% og er Lýsi hf. einnig í óverulegum viðskiptum við Ramma hf.

Sigurgeir Svavarsson, stjórnarmaður, er fæddur 1967. Hann er húsasmiðameistari að mennt. Hann er framkvæmdarstjóri Sigurgeirs Svavarssonar ehf. frá árinu 2003. Sigurgeir hefur setið í stjórn Ramma hf. síðan 2018. Hann situr í stjórnnum Sigurgeirs Svavarssonar ehf., Bríkargils ehf., Hótel Ísafjarðar hf. og Ísbjargar ehf. Sigurgeir hefur engin hagsmunatengsl hvorki við helstu viðskiptaaðila né samkeppnisaðila félagsins. Sigurgeir á engan hlut en er tengdur hluthafa í Ramma hf. þar sem faðir hans á 14,26% hlut í Ramma hf.

Stjórnarhátaryfirlýsing, frh.

Stjórn, frh.:

Steinunn Marteinsdóttir, stjórnarmaður, er fædd 1966. Hún er hárgreiðslumeistari að mennt og með Diplomanám í ferðamálafræði. Steinunn starfar nú hjá Premium ehf. lífeyrisþjónustu eða frá árinu 2013. Hún vann við hárgreiðslustörf frá árunum 1990 til 2002 þar sem hún átti og rak um tíma hárgreiðslustofu. Á árunum 2004 – 2013 vann hún hjá Sparisjóðnum Afl/Arion banka. Steinunn situr í stjórn Þjóðlagaseturs séra Bjarna Þorsteinssonar og hefur verið eigandi Kjólakistunnar ehf. frá 2014. Steinunn hefur engin hagsmunatengsl hvorki við helstu viðskiptaaðila né samkeppnisaðila félagsins. Steinunn á engan hlut en er tengd hluthöfum í Ramma þar sem nán fjölskylda hennar á 42,5% hlut í Ramma.

Jón Þorvaldsson, varamaður í stjórn, er fæddur 1937. Hann er með verslunarpróf frá Verslunarskóla Íslands. Jón starfaði sem bókari hjá Flugfélagi Íslands á árunum 1959 til 1961, hjá Valberg hf. á árunum 1961 til 2000 og Sæbergi hf. frá 1974 til 2000. Hann var framkvæmdastjóri Valumboðs ehf. frá árinu 2000 til 2005. Jón var í stjórn Ramma hf. á árunum 1997 til 1999 og frá 2000 til 2009. Hann var varamaður í stjórn Ramma hf. frá 1999 til 2000 og frá 2009 til dagsins í dag. Jón er stjórnarformaður í bókaútgáfunni Tindur ehf. Jón hefur engin hagsmunatengsl hvorki við helstu viðskiptaaðila né samkeppnisaðila félagsins. Eignarhlutur í Ramma hf. nemur 4,81%.

Steingrímur Arnar Finnsson, varamaður í stjórn, er fæddur 1980. Hann er með Bsc gráðu í hagfræði frá Háskóla Íslands frá árinu 2004. Steingrímur er í dag framkvæmdastjóri markaðsviðskipta Fossa markaða hf. Hann var forstöðumaður markaðsviðskipta Straums fjárfestingarbanka hf. á árunum 2011 til 2015 og frá árinu 2015 einn stofnenda Fossa markaða hf. Steingrímur hefur verið varamaður í stjórn Ramma hf. frá 2006. Hann hefur engin hagsmunatengsl hvorki við helstu viðskiptaaðila né samkeppnisaðila félagsins eða hluthafa. Hann er tengdur (barnabarn) Gunnari Sigvaldssyni stjórnarformanni og hluthafa.

Starfsemi stjórnar, framkvæmdastjórnar.

Um hlutverk og skyldur stjórnar fer samkvæmt samþykktum félagsins og starfsreglum stjórnar.

Í starfsreglum stjórnar eru helstu verkefni og valdsvið stjórnar, formanns stjórnar og framkvæmdastjóra skilgreind. Fylgt er *Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja* sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, NASDAQ OMX Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins.

Stjórn tekur meiriháttar ákvarðanir í rekstri félagsins, hefur eftirlit með að bókhald félagsins sé í samræmi við lög og að fjárreiður þess séu með tryggum hætti.

Meginhlutverk stjórnar er að stýra félaginu milli hluthafafunda og tryggja að rekstur þess og starfsemi sé í samræmi við lög, samþykktir og stefnu félagsins. Stjórn ber að setja markmið varðandi áhættur í starfseminni, ákveða mörk áhættutöku og byggja upp eftirlit með áhættum í rekstrinum.

Frá aðalfundi 2021 vegna rekstrarársins 2020 voru haldnir sjö stjórnarfundir. Leitast er við að boða stjórnarfundir þegar að allir stjórnarmenn geta tekið þátt auk þess eru varamenn einnig boðaðir. Allir stjórnarfundir voru ákvörðunar bærir.

Framkvæmdastjórn skipa framkvæmdastjóri, fjármálastjóri og rekstrarstjóri í Þorlákshöfn. Hlutverk framkvæmdastjórnar er að stýra daglegum rekstri Ramma hf.

Endurskoðunarnefnd var skipuð á aðalfundi félagsins 2021. Eitt af hlutverkum hennar að hafa eftirlit með virkni innra eftirlits og áhættustýringar. Settar hafa verið starfsreglur og mun endurskoðunarnefnd gefa stjórn skýrslu

Stjórnarháttaryfirlýsing, frh.

Innri eftirlit og áhættustýring

Stjórn ber ábyrgð á því að til staðar sé virkt kerfi innra eftirlits og að það sé formlegt, skjalfest og sannreynt reglulega. Innra eftirlitið á að vera til þess fallið að veita vissu um að félagið nái árangri og skilvirkni í starfsemi í samræmi við markmið félagsins, að það veiti áreiðanlegar og réttmætar fjárhagsupplýsingar til ytri aðila og það hlíti lögum og reglum sem gilda um starfsemina.

Framkvæmdastjóra ber að viðhalda skipuriti sem skýrt tilgreinir ábyrgðasvið, heimildir starfsmanna og boðleiðir innan félagsins. Framkvæmdastjóri skal móta markmið fyrir innra eftirlit í samráði við stjórn félagsins og fylgjast með því að það sé skilvirkt. Hluti af innra eftirliti er upplýsingagjöf og er það eitt af hlutverkum framkvæmdastjóra að gefa reglulega skýrslu um störf og hagi félagsins.

Framkvæmdastjóri bera ábyrgð á að greina, mæla, fylgjast með og hafa eftirlit með áhættum sem starfseminni fylgja.

Framkvæmdastjóri

Ólafur Helgi Marteinsson er fæddur 30. apríl 1959 og hefur stýrt félaginu frá 1991. Ólafur hefur skipstjórnarréttindi frá Stýrimannaskólanum í Reykjavík og er Útgerðartæknir frá Tækniskóla Íslands. Ólafur situr í stjórn eftirtalinna félaga: Fyrirbarð ehf, Hafnarhryna ehf, Primex Medical Investments ehf, Sigurbjörn ehf, Primex ehf, Karlsberg ehf, og Arctic Seafood Ltd, auk þess er Ólafur formaður Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi og situr í stjórn Samtaka atvinnulífsins. Ólafur á 1,6% hlut í félaginu og 26,11% hlut í Marteini Haraldssyni ehf. sem á 38,05% í félaginu. Aðilar tengdir Ólafi eiga 2,1% í félaginu. Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskipta- eða samkeppnisaðila félagsins.

Fyrirkomulag samskipta hluthafa og stjórnar

Samskipti við hluthafa eiga sér stað á hluthafafundum. Aðalfundur skal haldinn fyrir 15. júní ár hvert og er til hans og annara hluthafafunda boðað með auglýsingu í fjölmiðlum.